

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 186/2014**

186-2015i

frá 25. september 2014

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/46/ESB frá 6. desember 2012 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/68/EB um samræmingu laga aðildarríkjanna er varða aðgerðir gegn losun mengandi lofttegunda og agna frá brunahreyflum færanlegra véla sem ekki eru notaðar á vegum ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/68/EB) í XXIV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32012 L 0046:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/46/ESB frá 6. desember 2012 (Stjtið. ESB L 353, 21.12.2012, bls. 80).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2012/46/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. september 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. september 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 353, 21.12.2012, bls. 80.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.